

---

15. stjórnarfundur Leiknar, föstudaginn 25. maí 2007, kl. 14.00 – 14.30.  
Haldinn í húsnæði Mímis – símenntunar, að Skeifunni 8 í Reykjavík.

**Dagskrá:**

1. Verkaskipting stjórnar.
2. Heimasíða og daglegur rekstur Leiknar.
3. Næsti stjórnarfundur og félagsfundur.
4. Önnur mál.

Stjórn Leiknar kom saman til fyrsta fundar að loknum aðalfundi 2007.

**Mætt:** Guðjónína Sæmundsdóttir, Hildur Elín Vignir, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og Smári Haraldsson.

**1. Verkaskipting stjórnar.**

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að varaformaður var kjörinn Hulda Ólafsdóttir, gjaldkeri Guðjónína Sæmundsdóttir, ritari Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og meðstjórnandi Hildur Elín Vignir. Smári Haraldsson var kjörinn formaður á aðalfundi.

Varafulltrúar í stjórn eru Björg Árnadóttir og Emil Björnsson.

**2..Heimasíða og daglegur rekstur Leiknar.**

Formaður greindi því að hann hefði hug á að Fræðslumiðstöð Vestfjarða tæki sem fyrst við daglegum rekstri Leiknar og umsjón með heimasíðu. Samningur um þessa þjónustu yrðu sambærilegir og gerðir voru við Mennt um þessi mál. Er þetta í samræmi við það sem rætt hefur verið í stjórn um.

Stjórnin var sammála um að formaður ynni að þessum málum.

**3. Næsti stjórnarfundur og félagsfundur.**

Í samræmi við umræður á aðalfundi var rætt um að haldnir verðir félagsfundir t.d. um íslenskukennslu og erlent samstarf. Stjórnarfolk var sammála um að stefna að félagsfundi um miðjan ágúst. Nánari dagsetning verði rædd á næsta stjórnarfundu, sem haldinn yrði í júní.

Fundi slitið kl. 11:30

Smári Haraldsson ritaði fundargerð.